

Mál nr. 169/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Heimilistrygging.

Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun

Gögn.

1. Málskot mótttekið 15. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 11. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á bifreið í eigu M hinn 14. júní 2024 er kerra f auk á hlið bifreiðarinnar. Sonur M hafi fengið bifreiðina lánaða til að fara til Vestmannaeyja með fjölskyldu sinni og leigði fjölskyldan húsnæði í eigu X. Bifreið M var umræddan dag lagt í bílastæði fyrir utan bílskýli hússins og er þau komu að bifreiðinni um morguninn hafi bílkerra X fokið og runnið á bifreiðina. Að mati M hafi X ekki gengið nægjanlega vel frá kerrunni enda f auk hún um nóttina á bifreiðina. M tilkynnti tjónið til V sem með hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að réttilega hafi verið gegnið frá kerrunni. Því sé saknæmi ekki til staðar. M mótmælir lýsingum og málsástæðum V. Augljóst sé að ekki hafi verið nægilega vel gengið frá kerrunni enda hefði hún annars ekki fokið og/eða runnið í hlið bifreiðarinnar sem var réttilega lagður í bílastæði fyrir framan bílskýli hússins sem húseigandi var að leigja út. Skortur á frágangi verði að teljast saknæm háttsemi enda sé það almenn vitneskja að kerrur þurfi að binda niður eða festa á tryggilegan hátt til að forðast tjón. Hafi það augljóslega ekki verið gert í þessu tilviki.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að leitað hafi verið eftir upplýsingum frá X um málið. Að hans sögn hafi kerran verið austan vegin við bílastæðið þegar hún f auk og verið í um tvo metra frá bifreiðastæðinu. Hafi X gengið frá kerrunni með því að setja nefhjólið ekki niður til þess að tryggja að hún færðist ekki úr stað þar sem viðnám sé meira ef nefhjólið sé ekki sett niður. Hafði kerran verið á þeim stað er hún var á frá því snemma um vorið milli þess að hún var notuð fyrir heimilið. Hafði hann jafnframt geymt kerruna á þeim stað er hún var á þegar hún f auk oft áður og hafði hún aldrei fokið áður. Þegar vindhraði sé skoðaður hafi hann mælt hæst 20 m/s á þeirri veðurathugunarstöð sem næst sé tjónsstað. Var því töluverður vindur á þessum tíma en ekki óveður. Hafi X því ekki mátt vita að veðrið gæti valdið því að kerran gæti fokið úr stað og þá sérstaklega í ljósi þess að kerran hafði verið geymd á þeim stað sem hún var á í langan tíma án þess að hafa fokið. Telur V því ósannað að tjónið á bifreiðinni verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann geti borið skaðabótaábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að X hafi getað tryggt að kerran væri kyrfilega fest niður svo hún myndi ekki fjúka. Þá bendir M á að V gefi til kynna að kerran hafi oft fokið áður og því hætti X að vera áhættan að fullu ljós. Þá vísar M til þess að þann 4. júní 2025 hafi verið mikið hvassviðri í Vestmannaeyjum og hafi X borið að gæta þess sérstaklega vel með hliðsjón af aðstæðum að umrædd kerra og aðrir lausamunir væru kyrfilega fest til að koma í veg fyrir tjón.

Í viðbótarathugasemdum V er á það bent að í athugasemdum sínum hafi ekki komið fram að kerran hafi oft fokið áður, heldur þvert á móti, hafi X oft geymt kerruna á þeim stað er hún var á þegar hún f auk og hafði hún aldrei fokið áður. Meðal annars hafi hún verið á umræddum stað þegar óveðrið gekk yfir Vestmannaeyjar þann 4. júní 2025 og f auk kerran þá ekki úr stað.

Álit.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á bifreið M 14. júní 2024 þegar kerra í eigu X f auk og rann á hlið bifreiðarinnar. M byggir kröfu sína á því að X hafi ekki gengið nægilega vel frá kerrunni, enda sé það almenn vitneskja að slíkur búnaður þurfi að vera tryggilega festur til að koma í veg fyrir tjón. Til þess að X beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum þarf að sýna fram á saknæma háttsemi eða vanrækslu af hálfu hans, og hvílir sönnunarbyrðin þar um á M. Af

fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að frágangur kerrunnar hafi verið með þeim hætti að telja megi hann bersýnilega ótryggan eða í andstöðu við þær kröfur sem gera má til eðlilegrar aðgæslu við þær aðstæður sem voru umrætt sinn. Þótt vindhraði hafi verið talsverður, liggur ekki fyrir að X hafi haft sérstaka ástæðu til að ætla að hann gæti valdið því að kerran hreyfðist, sérstaklega í ljósi þess að hún hafði verið geymd á sama stað um langt skeið, þar á meðal í miklu hvassviðri 4. júní 2025, án þess að fjúka. Þá liggur ekki fyrir þyngd kerrunnar, sem gæti haft þýðingu við mat á því hvort X mátti gera ráð fyrir að hún gæti fokið við þær aðstæður sem voru fyrir hendi á tjónsdegi. Er því ekki sýnt fram á að saknæm háttsemi X hafi leitt til umrædds tjóns. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson0

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir